

222. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

þriðjudaginn, 31. júlí 2018 kl. 15.00

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formarður, Ásgeir Örn Blöndal, Þróstur Friðfinnsson, Katrín Sigurjónsdóttir og Valtýr Hreiðarsson

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð)

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna til starfa.

1. Undirritun fundargerðar nr. 221

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda

2. Eyþing

Ekkert í fundargerð Eyþings gefur tilefni til skoðunar

3. Áætlun um tímasetningu funda út árið

Formaður óskaði eftir hugmyndum stjórnarmanna um hentuga tímasetningu stjórnarfunda.

Stjórnarformaður sendir tillögur til stjórnarmanna í samræmi við umræður á fundinum, m.a. um að funda á fleiri stöðum á starfssvæðinu.

4. Bókun frá aðalfundi Afe 2018

Stjórnin fór yfir og ræddi bókun aðalfundar Afe, þar sem aðalfundurinn fól nýrri stjórn að leita eftir því við Eyþing og aðildarsveitarfélögin að Eyþing og Afe taki upp viðræður um samrekstur til að annast þau verkefni og skuldbindingar sem þessir aðilar hafa. Stjórnin samþykkir að fela formanni og varaformanni Afe að óska eftir fundi með formanni og varaformanni Eyþings og hefja fyrstu viðræður.

5. Staða helstu verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur verkefni m.a. raflínumál, tæknimál Akureyrarflugvallar, áhersluverkefni, innviðagreining, Dysnesmál, laxeldismál, úttekt á tölum í landbúnaði ofl.

6. Önnur mál

Farið yfir og rætt um starfsmannamál. Valdimar O Hermannsson hefur verið ráðinn sveitarstjóri á Blönduósi og mun hann láta af störfum hjá Afe 10. ágúst nk. Greint frá tímabundinni ráðningu Helgu Mariú Pétursdóttur.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 17:08

Dagbjört Pálsdóttir Baldvin Valdemarsson
Katrín Sigurjónsdóttir Friðfinn Friðfinnsson